

Tilvísun 2023-846 – 0.25
DAS og BSF

Gunnarsholti 15. desember 2023

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Efni: Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028

Landgræðslunni barst til umsagnar tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögnin sína á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 og stefnu stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt: Landi og lífi, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031.

Ábendingar Landgræðslunnar:

- Bls. 2, áhersla A.1, liður 3. Landgræðslan telur að árangur í loftslagsmálum eigi að byggja á mælanlegum markmiðum. Innskotssetningin “*eftir því sem við á*” eigi ekki við í stefnuskjali sem þessu og æskilegast væri að sleppa henni. Um faglega vinnu er að ræða og í öllum tilfellum er hægt að setja fram mælanleg markmið sem nauðsynlegt er að byggja á.
- Bls. 4, áhersla A.3, liður 8. Landgræðslan leggur til eftirfarandi breytingar (undirstrikað) í texta: Þar segir: „*Vistgerðarflokkun, ásamt bestu fánlegu upplýsingum og stefnum um uppgæðslu lands, verði lög til grundvallar skipulagsákvörðunum.*“ Lagt er til að fremur segi: *Vistgerðarflokkun, ásamt bestu fánlegu upplýsingum og stefnum um vernd og endurheimt lands, verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum.*
- Bls. 8, áhersla B.4, liður 2: Aukin umferð um hálendi landsins eykur, eðli máls samkvæmt, álag á þau viðkvæmu vistkerfi sem þar eru og mikilvægt er að hafa slíkt að leiðarljósi við skipulag og uppbyggingu hálendisins. Sumrin eru þar stutt og vetur mun harðari og mikilvægt er að auka þekkingu og skilning á viðkvæmri náttúru landsins og hvað geti raskað henni.


- Bls. 9, áhersla B.5: Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituinnviðum sem tryggja öryggi:
 - Æskilegt væri að skilgreina betur hvað er átt við með innviðum og hvort verið sé að tala um afhendingaröryggi eða öryggi almennt. Stíflur, vindmyllur og önnur mannvirki sem tengjast myndun raforku ættu einnig að vera hluti af veitukerfunum. Ef ekki þarf að fjalla sérstaklega um það.
 - Koma þarf skýrar fram að tryggja skuli að vatnstaka sé í samræmi við álagspól vatnsveitis og tryggt að ekki skuli gengið á vatnsauðlindina með tilheyrandi lækkun á grunnvatnsstöðu og áhrifum þeirra á aðliggjandi vistkerfi.
 - Jafnframt að tryggt skuli að vatnstaka, fráveita, sorpurðun o.s.frv. skuli ekki valda umhverfisálagi eða röskun á aðliggjandi vistkerfum, en ekki bara vatni, sbr. t.d. í lið 12.
- Bls. 10, áhersla B.6, liður 2. Landgræðslan leggur til eftirfarandi viðbót (undirstrikað) við texta: Þar segir: „Í skipulagi í dreifbýli verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúruvá, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. Sérstaklega verði hugað að aukinni náttúruvá af völdum aukinnar eldvirkni og loftslagsbreytinga.“ Leggja skal áherslu á forvarnaraðgerðir sem byggja á náttúrumiðuðum lausnum, s.s. til að draga úr áhrifum eldvirkni og flóða. Jafnframt væri æskilegt að viðurkennd skilgreining á hugtakinu náttúrumiðaðar lausnir sé bætt við áhersluna. Með því móti má koma í veg fyrir misskilning eða mistúlkun hugtaksins.
- Bls. 13, áhersla C.1: Þar segir: “Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.” Landgræðslan leggur til eftirfarandi breytingu í texta (undirstrikað): Áhersla C.1: Skipulag feli í sér stefnu um að draga úr losun og efla bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.
- Bls. 27, liður 2.1. Loftslagsbreytingar: Þar segir í síðustu setningu málgreinar: *Sífelld bætist við ný þekking til að takast á við loftslagsáskoranir en skortur er á aðgengilegum upplýsingum um hvernig best sé að takast á við áhrifin.* Landgræðslan telur að í Landsskipulagsstefnu sé æskilegt að skýra aðeins betur hvað er átt við með aðgengilegum upplýsingum. Almennt er skortur á svæðisbundnum gögnum og ætti að leggja áherslu á að styrkja og hvetja til gagnaöflunar sem styrki þekkingu á ástandi og eiginleikum vistkerfa hvað varðar losun og bindingu. Mikilvægt sé að byggt sé á faglegum niðurstöðum í slíku eigi það að vera tækt í loftslagsbókhald.
- Bls. 29, liður 2.9. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni: Landgræðslan vill benda á að æskilegt væri að viðurkennd skilgreining á hugtakinu líffræðilegri fjölbreytni væri bætt við viðfangsefnið. Með því móti megi koma í veg fyrir misskilning eða mis-túlkun á hugtakinu.
- Bls. 45, aðgerð 6 Stefnumótun um vegakerfi miðhálandisins, og aðgerð 14: Þar segir: “Skipulag í dreifbýli, eru liður í því [að] styðja stjórnvöld í að vinna að þeim hluta markmiðs um velsæld samfélags um að skipulag stuðli að skynsamlegri

nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi.” Landgræðslan leggur til eftirfarandi breytingu í texta (undirstrikað): *Skipulag í dreifbýli, eru liður í því að styðja stjórnvöld í að vinna að þeim hluta markmiðs um velsæld samfélags um að skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi.* Hugtakið skynsamlegt er ekki vel skilgreint t.d. í lagamma er varðar náttúruvernd. Rök fyrir því hvað er skynsamlegt er mjög breytilegt og háð aðkomu hvers og eins. Þarna er í raun verið að fjalla um sjálfbæra nálgun og það orð eða annað sambærilegt betur til þess fallið að setja hlutina í skýrari farveg.

Landgræðslan leggur til að fyrirbyggjandi þingsályktunartillaga verði samþykkt að teknu tilliti til ofangreindra ábendinga.

Virðingarfyllst

f.h. Landgræðslunnar



Davíð Arnar Stefánsson,
sérfræðingur

Virðingarfyllst

f.h. Landgræðslunnar



Birkir Snær Fannarsson,
landgræðslustjóri